

Árshlutauppgjör Origo hf.

Áframhaldandi sterkur tekjuvöxtur og góð afkoma

Helstu fjárhagsupplýsingar:

- Sala á vöru og þjónustu nam 4.425 mkr á öðrum ársfjórðungi 2021 (13,6% tekjuvöxtur frá F2 2020) og 8.599 mkr á fyrri ársfjórðungi (5,2% tekjuvöxtur frá 1H 2020) [F2 2020: 3.897 mkr, 1H 2020: 8.174 mkr]
- Framlegð nam 1.118 mkr (25,3%) á öðrum ársfjórðungi 2021 og 2.212 mkr (25,7%) á fyrri ársfjórðungi 2021 [F2 2020: 934 mkr (24,0%), 1H 2020: 1.984 mkr (24,3%)]
- EBITDA nam 357 mkr (8,1%) á öðrum ársfjórðungi 2021 og 658 mkr (7,6%) á fyrri ársfjórðungi [F2 2020: 123 mkr (3,2%), 1H 2020: 360 mkr (4,4%)]
- EBIT nam 158 mkr (3,65) á öðrum ársfjórðungi og 266 mkr (3,1%) á fyrri ársfjórðungi [F2 2020: -45 mkr (-1,1%), 1H 2020: 23 mkr (0,3%)]
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé voru neikvæðir um 70 mkr á öðrum ársfjórðungi 2021 og neikvæðir um 88 mkr á fyrri ársfjórðungi 2021 [F2 2020: -50 mkr, 1H 2020: +410 mkr]
- Heildarhagnaður nam 84 mkr á öðrum ársfjórðungi 2021 og 247 mkr á fyrri ársfjórðungi [F2 2020: -53 mkr, 1H 2020: 371 mkr]
- Eiginfjárhlutfall er 57,4% en var 56,5% í lok árs 2020
- Veltufjárhlutfall er 1,22 en var 1,27 í lok árs 2020

Helstu fréttir úr starfsemi:

- Mikill tekjuvöxtur á notendlausnasviði félagsins
- Tekjuvöxtur Tempo umfram væntingar á 2F
- Uppbygging á landfræðilega aðskildu gagnaversumhverfi lokið
- 30% vöxtur í sölu á eigin hugbúnaði
- Justly Pay hugbúnaður til jafnlaunavottunar lítur dagsins ljós í september
- Origo kaupir 70% í Eldhafi

Jón Björnsson forstjóri Origo hf:

„Góður árangur náðist hjá Origo á öðrum ársfjórðungi 2021. Samanburður við fyrra ár er vissulega erfiður sökum breytinga í efnahagslífinu, sem urðu á sama fjórðungi síðasta árs. Fjórðungurinn er 13,6% yfir veltu síðasta árs. Veltuaukningu má að mestu leyti rekja til sölu hjá notendabúnaði og áframhaldandi aukningu hjá hugbúnaðarstarfsemi félagsins. Á sama tíma dróst Innviðasala áfram saman. Rekstrarafkoma er góð á fjórðungnum en félagið skilar 8,1% EBITDA sem eru í takt við síðustu fjórðunga og umtalsverður bati frá síðasta ári sem skilar bestu afkomu á 2F ef litið er til síðustu þriggja ára. Allir starfsþættir skila betri rekstrarárangri frá fyrra ári. Sá árangur byggir að mestu leyti á tekjusamsetningu og lægri rekstrarkostnaði. Þá er ánægjulegt að sjá sterkan fjórðung hjá Tempo í kjölfar metfjórðungs, sem að miklu leyti var drifin áfram af skilamálabreytingum Atlassian markaðstorgsins.

Við tókum fyrstu skref í að skerpa samfélagslegar áherslur Origo seinnihluta síðasta árs og ljóst að félagið getur gefið mikið af sér þegar kemur að jafnrétti kynjanna, eflingu nýsköpunar, umhverfismálum, heilsu og vellíðan starfsfólks. Afurðin af þessari umræðu er einnig sú að setja tækni og samfélag í forgrunn stefnu félagsins. Félagið hefur sett í gang fjölda verkefna sem hafa það að markmiði að bæta samfélagið sem það starfar í. Við höfum verið leiðandi þegar kemur að fjarvinnu, tekið ákveðið á málum er lúta að kolefnisspori og höfum hafið samstarf við Klappir um að bjóða viðskiptavinum Origo innan tíðar að fylgjast með vistspori fyrirtækisins í rauntíma. Í september mun félagið jafnframt kynna til leiks nýjan hugbúnað (Justly Pay) sem mun hjálpa minni og meðalstórum fyrirtækjum að komast í gegnum jafnlaunavottun með stafrænum hætti. Fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 90 starfsmenn þurfa að vera kominn með vottun fyrir lok þessa árs og öll fyrirtæki með fleiri starfsmenn en 25 þurfa að hafa lokið þessu á næsta ári. Það er von mín að Origo geti orðið leiðandi í þróun lausna, sem bæta samfélagið. Þar af leiðandi er lyklatríði að við getum búið til umhverfi þar sem við getum aukið nýsköpun í félaginu. Við munum einsetja okkur að einfalda umgjörð og fjárfesta í starfsfólki og tækniumhverfi sem þarf til þess.

TIL BIRTINGAR FIMMTUDAGINN 26. ágúst 2021
origo.is/um-origo/fjarfestar/

Áfram er góð eftirspurn eftir lausnum og áherslum í notendabúnaði, sem skilar 36% aukningu á fjórðungnum ofan á góða aukningu síðasta árs, þrátt fyrir töluverðar áskoranir í innkaupahliðinni. Einingin hefur tekið miklum breytingum á s.l. ári og uppskeran nú er frábær. Netverslun félagsins gengur sérstaklega vel og hefur veltan tvöfaldast það sem af er ári. Við ætlum að styrkja netverslunina enn frekar. Við ætlum að bæta viðmótið, auka upplýsingagjöf og leggja aukna áherslu á græn málefni. Notendalausnir skipa stóran sess í rekstri Origo og hefur félagið fullan hug á að styrkja Notendalausnir enn frekar og gefa einingunni það rými sem þarf til að vaxa. Aukið og fjölbreytt vöruframboð er hluti af þeirri vegferð og hefur Origo fjárfest í 70% eignarhlut í Eldhafi ehf., sem er innflutningsaðili á Apple vörum. Tilgangur fjárfestingarinnar er að auka breidd í vöruúrvali til að mæta óskum íslenskra fyrirtækja og stofnanna.

Miklar breytingar hafa orðið á upplýsingatækni umhverfi fyrirtækja með aukinni sókn hugbúnaðar í skýið og minni áherslu á eigin gagnaver. Það hefur breytt eðli innviðasölu hjá Origo og eru þær nú töluvert færri en áður en að sama skapi stærri þegar þær koma. Tekjusamdráttur í rekstrarþjónustu er að öllu leyti tilkominn vegna samdráttar innviðasölu en önnur velta einingarinnar hefur aukist m.v. síðasta ár. Þjónustulausnir Origo eru í ákveðnu breytingarferli til styrkingar á vöruframboði og þjónustu. Við höfum tekið fyrstu skrefin í því ferli með mikilli styrkingu á þekkingu og því vöruframboði sem Origo getur nú boðið.

Syndis Öryggislausnir er nú starfrækt sem sjálfstætt félag, með 20 sérfræðinga á sviði UT öryggismála, eftir sameiningu þess við öryggislausnir Origo fyrr á þessu ári. Sterk eining sem býður heildstæða stafræna öryggisþjónustu og ráðgjöf, þróar varnir gegn netárásam og gagna- og auðkennisþjónaði svo dæmi séu tekin. Syndis hefur sterka samfélagslega sýn á að auka öryggisvitund almennings, fyrirtækja og stofnanna og hefur nú þá stærðarhagkvæmni til að taka að sér fleiri stærri verkefni ásamt því að vinna markvisst í vöruþróun. Áhersla á sjálfvirknivæðingu og skýjalausnir fyrir viðskiptavinum er lykilfókus rekstrarþjónustu Origo. Sjálfvirknivæðing viðskiptavina sem mun skila færri handtökum, auknum hraða og öryggi. Sviðið hefur markvisst verið að bæta við starfsfólki með sérþekkingu á skýjalausnum til að mæta betur eftirspurn og tryggja viðskiptavinum farsælli vegferð í skýjavæðingu. Áhersla er lögð á ráðgjöf um nýtingu skýjalausna með áherslu á öryggi, hagkvæmni og að viðkomandi lausnir styðji sem best við starfsemi og vegferð viðskiptavina. Rekstrarþjónusta er að breytast mikið með meiri skýjavæðingu og við mætum henni með markvissri uppbyggingu og aðlögun lausnaframboðs og nálgun í ráðgjöf til viðskiptavina. Við munum draga úr kerfisrekstri sértækra upplýsingakerfa þar sem ekki er samlegð í stærðarhagkvæmni eða tækifæri til umbóta.

Samhliða hefur Origo lokið uppbyggingu á landfræðilega aðskildu gagnaversumhverfi Origo. Við sjáum ávinning af þeirri fjárfestingu, en fleiri sjá sér hag í að nýta tvöfalda uppsetningu á mikilvægum kerfum og örugga varðveislu á gögnum.

Á hugbúnaðarsviðum félagsins er áframhaldandi vöxtur. Origo heldur áfram að styrkja sig í viðskiptahugbúnaði frá þriðja aðila, ekki síst með stöðugri þróun eigin lausna innan viðskiptahugbúnaðar eins og SAP S/4HANA og Microsoft Business Central. Félagið bætti á tímabilinu við fimm nýjum hugbúnaðarvörum fyrir Business Central á markaðstorgi Microsoft og hefur gengið vel að þróa og selja viðbótavörur fyrir SAP. Áhersla er á þróun skýjalausna sem einfalt er að innleiða og þar sem öflug samþætting þróunar og rekstrar skilar miklum ávinningi. Í eigin hugbúnaði, sem er nokkuð vel skilgreindur í kringum heilbrigðisþjónustu, mannauðslausnir, gæðakerfi og lausnir fyrir ferðaþjónustu, hefur gengið vel en um 30% aukning er í tekjum milli ára. Mesti vöxturinn er innan sprotahlutans, eða 54%, en þar eru sex mismunandi lausnir á nokkuð breiðu þroskastigi. Kjarni, mannauðs- og launakerfið, er skýrt dæmi um leiðandi skýjalausn á Íslandi, en þar heldur vöruframboð og viðskiptavinum áfram að fjölga. Þá hefur gengið vel að styrkja þekkingu og sækja verkefni á sviði viðskiptagreindar, auk þess sem nýjar og spennandi lausnir á þeim vettvangi eru að líta dagsins ljós. Hjá heilbrigðislausnum er spennandi að fylgjast með þróun heimahjúkrunarappsins Smásögu, en appið hefur fengið frábærar móttökur hjá starfsfólki. Það er notað af öllum stærri heilsugæslum landsins og þykir bæta þjónustu sem heilsugæslan veitir skjólstæðingum sínum. Sama má segja um Justly Pay, jafnlaunavottunarhugbúnaðinn sem fjallað var um hér fyrr..

Annar ársfjórðungur Tempo er mjög sterkur og umfram væntingar. Velta er 35% hærrí en fyrir sama fjórðung á síðasta ári og vöxtur í EBITDA 51%, sem skýrist þó að einhverju leyti af lægri kostnaði vegna seinkunnar á ráðningum. Tempo stefnir að því að vera leiðtogi á sviði stafræna tímaskráninga og ná einnig fótfestu utan Atlassian markaðstorgsins. Félagið vinnur áfram að þróun á vörum og þá sérstaklega tengingum og frekari sjálfvirkni ásamt því að fjárfesta í að fá enn fleiri viðskiptavinum til að prófa hugbúnaðinn.

Origo á von á ágætu framhaldi á þriðja fjórðungi ársins. Vinna félagsins í að gera einingar sjálfstæðari og vinna í auknum sveigjanleika og hagræðingu er ætlað að skila sterkara fyrirtæki og bættum rekstri. Með markvissri nálgun í sölu- og markaðsmálum munum við ná að nýta þá stærðarhagkvæmni sem félagið hefur yfir að ráða og byggja betur undir sterka stöðu okkar sem þjónustufyrirtæki með framtíð í að hjálpa fyrirtækjum og einstaklingum að takast á við og nýta sér tækifærin í tækni og þeim breytingum sem stafrænt umhverfi hefur fram að færa. Samhliða þessu erum við mjög spennit fyrir verkefnum í upplýsingaöryggi og teljum það vera lykilatriði að hjálpa fyrirtækjum og stofnunum að auka öryggisvitund þeirra og hlúa að stafrænum öryggismálum, ekki síður en þau huga að öðrum öryggismálum sínum.“

Rekstrarreikningur

Í milljónum ISK	F2 2021	F2 2020	%	1H 2021	1H 2020	%
Seldar vörur og þjónusta	4.425	3.897	13,6%	8.599	8.174	5,2%
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu	(3.308)	(2.963)	11,6%	(6.387)	(6.189)	3,2%
Framlegð	1.118	934	19,7%	2.212	1.984	11,5%
<i>Framlegð/tekjur (%)</i>	25,3%	24,0%		25,7%	24,3%	
Rekstrarkostnaður	(960)	(978)	-1,9%	(1.946)	(1.961)	-0,8%
Rekstrarhagnaður	158	(45)		266	23	
<i>Rekstrarhagnaður/tekjur (%)</i>	3,6%	-1,1%		3,1%	0,3%	
Hrein fjármagnsgjöld	(17)	(1)		(33)	(127)	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	47	35		150	46	
Tekjuskattur	(33)	6		(47)	18	
Hagnaður (tap) tímabilsins	154	(4)		335	(39)	
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé	(70)	(50)		(88)	410	
Heildarhagnaður tímabilsins	84	(53)		247	371	
EBITDA	357	123		658	360	
<i>EBITDA%</i>	8,1%	3,2%		7,6%	4,4%	

- Sala á vöru og þjónustu nam 8.599 mkr á fyrsta árshelmingi 2021 samanborið við 8.174 mkr á fyrsta árshelmingi 2020. Tekjuvöxtur var í Notendabúnaði og tengdri þjónustu sem og Hugbúnaði og tengdri þjónustu en samdráttur var í tekjum á Rekstrarþjónustu og innviðum. Sala á vöru og þjónustu nam 4.425 mkr á öðrum ársfjórðungi 2021 samanborið við 3.897 mkr á öðrum ársfjórðungi 2020.
- Framlegð nam 2.212 mkr (25,7%) á fyrsta árshelmingi 2021 samanborið við 1.984 mkr (24,3%) á fyrsta árshelmingi 2020. Framlegð á öðrum ársfjórðungi 2021 nam 1.118 mkr (25,3%) samanborið við 934 mkr (24,0%) á öðrum ársfjórðungi 2020.
- Rekstrarkostnaður nam 1.946 mkr á fyrsta árshelmingi 2021 samanborið við 1.961 mkr á fyrsta árshelmingi 2020 sem er lækkun um 0,8%. Rekstrarkostnaður á öðrum ársfjórðungi nam 960 mkr samanborið við 978 mkr á öðrum ársfjórðungi 2020 sem er 1,9% lækkun á milli ára.
- EBITDA nam 658 mkr (7,6%) á fyrsta árshelmingi 2021 samanborið við 360 mkr (4,4%) á fyrsta árshelmingi 2020. EBITDA á öðrum ársfjórðungi 2021 nam 357 mkr (8,1%) samanborið við 123 mkr (3,2%) á öðrum ársfjórðungi 2020.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 33 mkr á fyrsta árshelmingi 2021 samanborið við 127 mkr á fyrsta árshelmingi 2020. Á fyrsta ársfjórðungi 2020 var 100 mkr gengistap.
- Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga Origo, var 150 mkr á fyrsta árshelmingi 2021 en var 46 mkr á fyrsta árshelmingi 2020
- Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé voru neikvæðir um 88 mkr á fyrsta árshelmingi 2021 en jákvæðir um 410 mkr á fyrsta árshelmingi 2020, en þýðingarmunur vegna Tempo skýrir þennan mismun.
- Heildarhagnaður á fyrsta árshelmingi 2021 nam 247 mkr en nam 371 mkr á fyrsta árshelmingi 2020. Heildarhagnaður á öðrum ársfjórðungi 2021 nam 84 mkr samanborið við tap upp á 53 mkr á öðrum ársfjórðungi 2020.

Efnahagsreikningur

Í milljónum ISK	30.06.2021	31.12.2020
Fastafjármunir	8.178	8.028
Veltufjármunir	4.481	4.336
Eignir samtals	12.658	12.364
Eigið fé	7.265	7.012
Langtímaskuldir	1.717	1.945
Skammtímaskuldir	3.676	3.406
Eigið fé og skuldir samtals	12.658	12.364
Veltufjárhlutfall	1,22	1,27
Eiginfjárhlutfall	57,4%	56,5%

- Fastafjármunir hækkuðu um 150 mkr á fyrsta árshelmingi. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun í óefnislegum eignum og hærri eignarhlut í hlutdeildarfélögum.
- Veltufjármunir hækkuðu um 145 mkr á fyrsta árshelmingi. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun birgða á árshelmingnum.
- Eigið fé hækkaði um 252 mkr á fyrsta árshelmingi.
- Vaxtaberandi langtímaskuldir lækkuðu um 69 mkr á fyrsta árshelmingi og leiguskuldbindingar lækkuðu um 194 mkr
- Skammtímaskuldir hækkuðu um 270 mkr á fyrsta árshelmingi 2021
- Eiginfjárhlutfall er nú 57,4% en var 56,5% í lok árs 2020
- Veltufjárhlutfall er nú 1,22 en var 1,27 í árslok 2020

Sjóðstreymi

Í milljónum ISK	1.1.-30.06. 2021	1.1.-30.06. 2020
Handbært fé frá rekstri	150	336
Fjárfestingarhreyfingar	(337)	(198)
Fjármögnunarhreyfingar	(234)	(248)
Lækkun á handbæru fé	(422)	(110)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(11)	11
Handbært fé í ársbyrjun	1.173	826
Handbært fé í lok tímabilsins	740	727

- Handbært fé frá rekstri nam 150 mkr í lok fyrsta árshelmingis 2021 samanborið við 336 mkr í lok fyrsta árshelmingis 2020
- Fjárfestingahreyfingar námu 337 mkr á fyrsta árshelmingi 2021 samanborið við 198 mkr á sama tímabili árið 2020. Mismunur skýrist að mestu af fjárfestingum í rekstrareiningum og hlutdeildarfélagi á fyrsta ársfjórðungi 2021
- Fjármögnunarhreyfingar námu 234 mkr á fyrsta árshelmingi árið 2021 samanborið við 248 mkr á sama tímabili árið 2020
- Handbært fé lækkar um 422 mkr á fyrsta árshelmingi 2021

TIL BIRTINGAR FIMMTUDAGINN 26. ágúst 2021
[origo.is/um-origo/fjarfestar/](https://www.origo.is/um-origo/fjarfestar/)

Hluthafar

Markaðsvirði fyrirtækisins í lok annars ársfjórðungs 2021 var 21.968 mkr., lokaverð hlutabréfa í ársfjórðungnum var kr. 50,5 á hlut. Fjöldi útgefinna hluta þann 30. júní 2021 voru 435 milljónir og voru hluthafar 576 talsins.

Kynningarfundur þann 27. ágúst 2021

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjörnsins verður haldinn, föstudaginn 27. ágúst. Á fundinum kynna stjórnendur rekstur og afkomu félagsins og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 08:30 og fer fram í gegnum fjarfundabúnað, en einnig verður hægt að fylgjast með netstreymi af fundinum.

Skráning fer fram hér: <https://www.origo.is/fjarfestakynning>

Fjárhagsdagatal

21. október 2021 Árshlutauppgjör F3 2021
27. janúar 2022 Árshlutauppgjör F4 2022
3. mars 2022 Aðalfundur Origo

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningur var samþykktur á stjórnarfundi Origo hf. þann 26. ágúst 2021. Uppgjör Origo hf. er í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards).

Origo hf.

Origo er framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Hjá Origo starfar öflugur hópur fólks sem nýtir hugvit sitt til að efla árangur, hagsæld og öryggi viðskiptavina. Hlutabréf Origo hf. eru skráð í NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu ORIGO.

Nánari upplýsingar

Gunnar Petersen, framkvæmdastjóri fjármálasviðs í síma 825-9001 eða gp@origo.is og Jón Björnsson, forstjóri í síma 693-5000 eða jb@origo.is

Til athugunar fyrir fjárfesta

Origo vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna af birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar fréttatilkynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.